



Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.12.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur o.fl. (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn), 87. mál.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri lögum, 87. mál. Í frumvarpinu felst að formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir fyrirtækið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Jafnframt að í stjórn fyrirtækisins skuli kynjahlutföll vera jöfn. Rétt er að geta þess að hvorki Orkuveitu Reykjavíkur, né eigendum fyrirtækisins hefur borist frumvarpið til umsagnar. Fyrirtækið vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Síðustu vikur hafa eigendur Orkuveitu Reykjavíkur unnið að viðamikilli stefnumörkun fyrir fyrirtækið. Er sú vinna langt komin og tekur m.a. á hlutverki og stöðu formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Er líklegt að af þeirri stefnumörkun leiði að breyta þurfi lögum um Orkuveitu Reykjavíkur. Verður ekki séð að svo brýnt sé að kveða á um hlutverk formanns þessa sameignarfyrirtækis í lögum að ekki sé unnt að gefa eigendum Orkuveitu Reykjavíkur færi á að ljúka sinni vinnu.

Þess utan er rétt að það komi fram að engin hefð er fyrir því að formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sé „starfandi stjórnarformaður“. Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur, sem haldinn var 25. júní sl. samþykkti að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur skyldi vera í fullu starfi tímabundið meðan lagt yrði vandað mat á aðstæður og ýtt úr vör nauðsynlegum breytingum í samstarfi við starfsfólk Orkuveitunnar. Í því felst ekki að stjórnarformanninum hafi verið falin önnur störf en þau sem teljist eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformaður, heldur að gert sé ráð fyrir að á þeim erfiðu tímamótum sem Orkuveitan stendur á, sé hlutverk stjórnarformanns svo viðamikið og krefjandi að rétt sé að það teljist fullt starf kjaralega séð. Um tímabundna ráðstöfun er að ræða sem gilda mun fram að næsta aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 2011. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu breytir engu um heimild eigenda Orkuveitunnar til slíkrar ákvarðanatöku.



Hvað varðar þann hluta frumvarpsins þar sem kveðið er á um að hlutföll kynja í stjórn Orkuveitunnar skuli vera jöfn þá skal það upplýst að stjórn fyrirtækisins er skipuð þremur körlum og þremur konum. Skipan varafulltrúa er með sama hætti. Verður því ekki séð að brýnt sé af þeim orsökum að frumvarpið verði afgreitt nú.

Eins og áður er getið er vinna eigenda við mörkun eigendastefnu fyrir fyrirtækið langt komin. Þess er óskað að eigendum verði gefið ráðrúm til að ljúka þeirri vinnu. Í framhaldinu verði tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að breyta lögum um fyrirtækið og þá í samráði og samstarfi við eigendur og stjórn fyrirtækisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Elín Smáradóttir". The signature is fluid and cursive.

Elín Smáradóttir, hdl.